

Sp.

22. Tillaga til þingsályktunar

[22. mál]

um ráðstafanir vegna vaxandi rányrkju á fiskimiðum fyrir Vestfjörðum.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Gísli Jónsson, Kjartan J. Jóhannsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara skjóta athugun á því, hvernig komið verði í veg fyrir, að vélbátaútgerð og fiskiðnaður á Vestfjörðum bíði áframhaldandi tjón af vaxandi rányrkju vestfirzkra fiskimiða vegna stórauinnar ásóknar botnvörpuskipa.

Til þess að gera tillögur um ráðstafanir í þessu skyni skal ríkisstjórnin skipa 5 manna nefnd, þrjá eftir tilnefningu sýslunefndar Ísafjarðarsýslu og Vestur-Barðastrandarsýslu, einn eftir tilnefningu bæjarstjórnar Ísafjarðar og einn án tilnefningar. Skal hann vera formaður nefndarinnar.

Nefndin skal hafa lokið störfum og skilað álitum til ríkisstjórnarinnar fyrir 1. marz 1955.

Greinargerð.

Síðan Faxaflóa og öðrum meiri háttar flóum og fjörðum var lokað fyrir botnvörpuveiði, hefur fiskigengd á þær slóðir aukizt verulega. Af því hefur leitt bætt aðstöðu og afkomu sjómanna. Sérstaklega á þetta við um sjómenn við Faxaflóa. Þeir höfðu orðið fyrir stórfelldu tjóni af völdum botnvörpuveiðanna. Afllinn á hinum fiskisælu miðum flóans fór stöðugt þverrandi og hlutirnir lækkaði. Er það margrakin saga, sem óþarfi er að rifja upp hér.

Það er þess vegna mjög ánægjulegt, að friðun Faxaflóa fyrir togveiðum skuli þegar í stað hafa fært sjómönnum og útgerðarmönnum þessa landshluta mjög aukið aflamagn og hækkaða hluti.

En því miður hefur lokun flóanna hér suðvestanlands haft í för með sér mikið tjón fyrir sjómenn og útvegsmenn í öðrum landshluta. Af henni hefur það leitt, að togaraflotinn hefur í stóruoknum mæli leitað á hin fiskisælu mið fyrir norðanverðum Vestfjörðum. Afleiðing þess hefur svo aftur orðið sú, að mjög hefur dregið úr fiskigöngum upp á grunnmið þau, sem vélbátafloti Vestfirðinga sækir aðallega á. Hinn gífurlegi fjöldi innlendra og þó fyrst og fremst erlendra togara hefur beinlínis myndað vegg úti fyrir Vestfjörðum. Á honum hafa svo fiskigöngurnar upp á grunnmiðin strandað.

Á þessum slóðum hafa fiskveiðitakmörkin víðast hvar aðeins verið færð út um eina sjómílu. Að þeirri ráðstöfun hefur, eins og að líkum lætur, ekki orðið það gagn sem skyldi.

Gagnvart Vestfirðingum horfir því málið þannig við, að í stað þess að verustöðvarnar á suðvesturlandi hafa haft stórkostlegt hagræði af friðunarráðstöfunum, þá hafa þær haft enn aukna rányrkju í för með sér á miðunum fyrir Vestfjörðum. Af því hefur svo leitt efnahagsleg áföll fyrir sjómenn og útvegsmenn í þessum landshluta.

Auðsætt er, að gera verður sérstakar ráðstafanir til þess að hindra hrun atvinnulífsins á Vestfjörðum af völdum rányrkjunnar. Til þess eru ýmsar leiðir. Sú þeirra, sem ætti að liggja beinast við, frekari útfærsla fiskveiðitakmarkanna, virðist þó lítt fær í bili. Að henni hlýtur þó að vera stefnt. En ýmisleg fyrirgreiðsla við vestfirzka útgerð, svo sem öflun stærri og fullkomnari skipa, bætt skilyrði til þess að taka á móti fiski af togurum með aukningu fiskiðnaðarins og fleiri skyldar ráðstafanir, mundi geta orðið að verulegu gagni og létt sjómönnum og útvegsmönnum baráttu þeirra gegn rányrkjunni.

Þessar ráðstafanir verður að gera. Það er ekki hægt að reka hinn erlenda togaraflota í túnið hjá vestfirzkum sjómönnum, ef svo mætti að orði komast, án þess að veita þeim nokkra liðsmynd vegna þeirra erfiðleika, sem af því leiðir fyrir þá og allt atvinnulíf á Vestfjörðum.

Með tillögu þessari er lagt til, að ríkisstjórnin láti í samráði við sýslu- og bæjarfélög á Vestfjörðum fara fram skjóta rannsókn á því, hvernig við skuli brugðist í þessum málum. Að slíkri athugun lokinni kæmi það síðan í hlut þings og stjórnar að gera nauðsynlegar ráðstafanir. En mikið veltur á, að þær dragist ekki um of. Hér er um að ræða mikið vandamál heils landshluta, sem lagt hefur fram drjúgan skerf til framleiðslustarfsemi þjóðarinnar á liðnum tíma. Það verður a. m. k. að gera tilraun til þess að leysa það.